

Nr. 1233

3. desember 2008

GJALDSKRÁ fyrir búfjáreftírlit í Flóahreppi.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun skv. 11. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. skal miðast við að vera heildargjald. Gjald fyrir hverja skoðun er kr. 7.836 með virðisaukaskatti. Innifalið er vinna og akstur.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., skal vera kr. 7.836 með virðisaukaskatti, fyrir hverja heimsókn. Innifalin er vinna og eftirlit á bæ ásamt akstri.

3. gr.

Komi til þess að grípa þurfi til handsömunar, fóðrunar og hýsingar búfjár, sbr. ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins hverju sinni.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum, sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002, skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins í hvert sinn.

5. gr.

Gjald skv. 1. og 2. gr. þessarar gjaldrskrár uppfærist til samræmis við breytingu á vísítölu neysluverðs án húsnæðis m.v. 1. nóvember ár hvert. Vísitala október 2008 er 292,9.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. desember 2008.

F. h. r.

Kristinn Hugason.

Arnór Snæbjörnsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2009